ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjarðarbær mál nr. XXXX - Skipulagsgátt mál. nr. 914/2024

Stig málsmeðferðar: Auglýsing tillögu (kynningartími 25.07.2024 - 6.09.2024)

Mál: Umsagnar á nýju deiliskipulagi vegna frístundabyggðar að Hóli í firði, Ísafjarðarbæ.

Innsendar umsagnir

Dags.	Aðili	Umsögn	Viðbrögð skipulagsnefndar
29.07.2024	***Skipulagsstofnun*** *Margrét Þóra Sæmundsdóttir*	*Skipulagsstofnun hefur borist erindi í gegnum skipulagsgátt (dags. 26.7.2024) þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi. Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi máls.* *Ef það er eitthvað sérstakt sem óskað er eftir að stofnunin skoði eða leiðbeini með hvort sem það er vegna efnis tillögu eða málsmeðferð, þá er sjálfsagt að senda erindi þess efnis og tilgreina í erindi hvaða efnis og/eða formsatriði óskað er eftir að stofnunin skoði sérstaklega.*	*Engin viðbrögð*
16.08.2024	***Umhverfisstofnun*** *Axel Benediktsson*	*Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 26. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hól í Firði, Stekkjarlæksbakkar. Í erindinu kemur fram að frístundasvæðið er um 7,2 ha að stærð þar sem afmarkaðar eru fimm frístundalóðir sem eru á bilinu 0.92 -0.97 ha. Samanlagt byggingarmagn á lóð má vera að hámarki 150m² A-rými. Svæði utan frístundalóðanna fimm er sameiginlegt svæði og um það er t.d. aðkoma að lóðunum.* *Votlendi Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skilgreint er helgunarsvæði vatnsbóls er votlendi sem nýtur sérstakar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og áhrif tillögunnar á það. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat*	*Höfundar rökstyðja að helgunarsvæði sé utan verndunarsvæði votlendis og skerpt er á umfjöllun um vatnsveitu í greinargerð.*

		á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. *Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.*	
21.08.2024	***Veðurstofa Íslands*** *Hlíf Sævarsdóttir*	*Með erindi dags. 25. júlí óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um nýtt deiliskipulag á svæði við bæinn Hól í firði L14105, Stekkjarlæksbakka. Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir: Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við skipulagið en bendir á að þrátt fyrir að lóðirnar standist viðmið vegna ofanflóðahættu fyrir frístundahús standast lóðir 3, 4 og 5 ekki viðmið fyrir atvinnuhúsnæði eða íbúðarhús. Ekki verður því möguleiki að breyta húsunum seinna í íbúðarhús og ekki er gert ráð fyrir að verið sé með atvinnustarfsemi eins og t.d. útleigu eða gistirekstur.*	*Engin viðbrögð*
30.08.2024	***Vegagerðin - Vestursvæði*** *Sigurður Friðgeir Friðriksson*	*Efni: Hóll í Firði, Stekkjarlæksbakkar – deiliskipulagstillaga. Mál nr. 914/2024 Vísað er til erindis verkefnastjóra umhverfis- og eignarsviðs Ísafjarðarbæjar dags. 26. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um tillögu að nýju deiliskipulagi á svæði við bæinn Hól í firði, tiltekið svæði er skilgreint sem frístundabyggð í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Skv. því er heimilt að reisa fimm sumarhús á svæðinu. Sér lóð er um svæðið og er hún nefnd Stekkjarlæksbakkar, málsnúmer. 914/2024. Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd. Stofnunin óskað er eftir að skipulagsmörk nái að veghelgunarsvæði Hólsvegar (6282-01).*	*Skipulagsmörk færð að veghelgunarsvæði.*
30.08.2024	***Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða*** *Jón Pétur Einarsson*	*Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið tillögu að nýju deiliskipulagi Stekkjarlæksbakka, frístundasvæði F37 í Önundarfirði.* *Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemdir við*	*Engin viðbrögð*

		ofangreinda tillögu en minnir á að fráveita og skólp skal vera samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 og neysluvatn á að standast kröfur reglugerðar nr. 536/2001.	
02.09.2024	***Snerpa*** *Björn Davíðsson*	*Snerpa gerir ekki athugasemdir við tillöguna en bendir á að vegstæði frá þjóðvegi að lóð 1 mun þvera bæði ljósleiðarastreng Snerpu og háspennustreng Orkubús Vestfjarða. Mælst er til að framkvæmdaraðilar afli sér nákvæmra upplýsinga um legu strengjanna hjá eigendum þeirra og geri ráðstafnir til að raska þeim ekki.*	*Engin viðbrögð*
04.09.2024	***Minjastofnun Íslands*** *Lísabet Guðmundsdóttir*	*Umsögn um deiliskipulag Hóls í Firði Minjastofnun Íslands hefur móttekið gögn er varða nýtt deiliskipulag Hóls í Firði í gegnum skipulagsgátt 18.08.2024. Fyrirhugað er að reisa frístundahús á deiliskipulagsreitnum. Fornleifaskráning hefur verið gerð á umræddum reit af Ragnari Edvardssyni. (Ragnar Edvardsson. 2022. Fornleifaskráning í landi Hóls í firði vegna tilvonandi deiliskipulags. Bolungarvík). Í heild voru tvær minjar skráðar innan deiliskipulagsreitsins, garðlag og sumarbústaður. Minjarnar eru hins vegar báðar fyrir utan byggingareitina. Minjastofnun gerir því ekki athugasemd við fyrirhugaðar framkvæmdir en ítrekar að friðhelgi minja er 15 m og á það einnig við um skógrækt. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*	*Engin viðbrögð*